

Norðurþing  
Gaukur Hjartarson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík



Reykjavík, 17. febrúar 2014  
Tilvísun: UST20140200012/ksj


**Tillaga að breytingu aðalskipulags Norðurþings 2010 - 2030 vegna stækkunar  
þjónustusvæðis við golfvöll á Húsavík.**


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 3. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Norðurþings 2010 - 2030 vegna stækkunar þjónustusvæðis við golfvöll á Húsavík.

Ofangreind tillaga að breytingu felur í sér að reitur fyrir verslun og þjónustu sem er staðsettur á svæði við golfvöllinn er stækkaður úr 0,5 ha í 3,2 ha. Við breytinguna munu græn svæði sem eru annars vegar skilgreind sem óbyggt svæði og hins vegar opið grænt svæði til sérstakra nota og er hluti af golfvallarsvæðinu, minnka. Einnig er gert ráð fyrir að vegtenging að svæðinu verði færð og vegurinn Langholt sem liggur um Holtahverfið sé framlengdur að þjóðvegi nr. 85. Stækkun svæðisins nær að mestu leyti yfir lúpínugróinn mel. Á svæðinu er ekki svæði á náttúruminjasrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingartillögu.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun